

S A M Þ Y K K T

um veiði í Þingvallavatni.

99
8. júní

1. gr.

Silungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangar- og dorgarveiði, frá 1. september til 31. október. Enn fremur skal silungur á svæðinu austan línu frá Langatanga að Fornaseli við Arnarfell vera friðaður fyrir allri veiði frá 1. til 31. ágúst ár hvert.

2. gr.

Óheimilt skal að hirða silung, sem veiddur er á stöng, sem minni er en 25 cm, mældur frá trjónu í sporðsýlingu. Þó skal heimilt að veiða murtu í net, sem minni er en 25 cm.

3. gr.

Óheimilt skal að nota net til silungsveiði, sem smáriðnari eru en svo, að 4.5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot og murtunet, sem hafa smærri möskva en svo, að 2.5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í tvö ár frá deginum í dag að telja.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

100
8. júní

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er að Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni.

3. gr.

Markmiði sínu hyggst félagið ná með því:

- a. Að friða ána fyrir hvers konar veiðiaðferðum til laxveiða, nema stangaveiði, samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum, er félagsstjórn eða lögmætur félagsfundur samþykkir.
- b. Að vinna að ófriðun og útrýmingu sels og annars veiðivargs.

4. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsó og Giljá og framrennsli þeirra.